

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *49. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 18. desember 2008, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2009, síðari umræða.
3. Styrkbeiðni frá skákfélaginu Goðanum, var frestað á fundi 10.des.
4. Grenndarkynning vegna óska Sigfúsar Haraldar Bóassonar um leyfi til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7, var frestað á fundi 10.des.
5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.
6. Ákvörðun um hækkun á útsvarsprósetnu um 0,25%.
7. Erindi frá Jóni Inga Guðmundssyni og Kristínu Láru Ásmundsdóttur f.h. Stangar Sumarhúsa.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings frá 8. des.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

**2. Fjárhagsáætlun 2009, síðari umræða.**

Við fyrri umræðu um fjárhagsáætlunina voru gerðar eftirfarandi breytingar:

21- lækkar um 200. þús.

31- hækkar um 880. þús.

33- lækkar um 47. þús.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarsjóðs (samstæðunnar) verði 277,1 millj. og gjöldin 282,7 millj. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er áætlaður tekjuafgangur 2,7 millj.

Heildarfjárfestingaráætlun fyrir 2009 hljóðar uppá 31 millj.

Samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlunar eru rúmar 18 milljónir króna handbærar frá rekstri á árinu 2009. Framkvæmdum umfram það verður mætt með eigin fé.

Oddviti gerði að tillögu sinni að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt með áorðnum breytingum.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina.

**3. Styrkbeiðni frá skákkfélaginu Goðanum, var frestað á fundi 10.des.**

Með bréfi dags. 24. nóv. óskar formaður skákkfélagsins Goðans eftir styrk kr. 50. þús til skákkennslu við Reykjahlíðarskóla. Í bréfinu kemur fram að skákkfélagið Goðinn hafi um nokkurt skeið haldið stutt námskeið í skák fyrir nemendur í grunnskólum í Þingeyjarsýslu. Námskeiðin hafa verið vel sótt og eru bæði nemendum og skólunum að kostnaðarlausu. Þá kemur og fram í bréfinu að skákkennsla sé þegar hafin í Reykjahlíðarskóla á vegum Goðans, kennt er tvisvar í viku og áætlað er að kennt verði fram eftir vetri.

Sveitarstjórn hefur þær upplýsingar úr skólanum að fyrrnefnd skákkennsla sé ekki á vegum skákkfélagsins Goðans, heldur hafi foreldrar tveggja barna tekið þessa kennslu að sér og hafi ekki ætlað að þiggja laun fyrir.

Erindinu er hafnað.

**4. Grenndarkynning vegna óska Sigfúsar Haraldar Bóassonar um leyfi til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7, var frestað á fundi 10. des.**

Með bréfi dags. 11. nóvember óskaði sveitarstjórn eftir athugasemdum frá eigendum og íbúum Birkihrauns, vegna umsóknar Sigfúsar Haraldar Bóassonar um leyfi til reksturs gistingar á einkaheimili að Birkihrauni 5 og 7. Athugasemdafrestur var til 10. desember.

Eftirtöldum eigendum húsnæðis við Birkihraun var sent bréfið.

Sparisjóði Suður-Þingeyinga v/ Birkihraun 1 og 3.

Valgeiri Guðmundssyni v/ Birkihrauns 2.

Emil Birgissyni v/ Birkihrauns 4.

Skútustaðahreppi/ Aðalheiði Helgadóttur v/ Birkihrauns 6.

Ellert Haukssyni v/ Birkihrauns 8.

Skútustaðahreppi/ Tarvo Nömm v/ Birkihrauns 9.

Sólveigu Ólöfu Jónsdóttur v/ Birkihrauns 10.

Þórarni Pálma Jónssyni og Ástu Price v/ Birkihrauns 11.

Hermanni Kristjánssyni v/ Birkihrauns 12.

Crumena ehf. Sigfúsi Harald Bóassyni v/ Birkihrauns 5 og 7.

Þrjár athugasemdir bárust. Athugasemdirnar eru samhljóða þess efnis að íbúarnir eru á móti auknum gistirekstri í götunni, auk þess telja íbúarnir að í fyrrnefndu húsi hafi verið leyfislaus gistirekstur sl. sumar með tilheyrandi ónæði þar sem að engar merkingar voru til staðar og ferðafólk bankandi uppá á öllum tímum sólarhrings leitandi að gistingu eða upplýsingum um hvar þeirra íbúð væri. Þá hafi og skapast vandræði með bílastæði. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða eigendur þeirra húsa sem athugasemdir gerðu við grenndarkynninguna og leyfisbeiðanda til fundar.

## 5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.

Tekjur			
00-01	Staðgreiðsla	8.500.000	hæ
00-06	Fasteignaskattur	5.300.000	hæ
00-10	Jöfnunarsjóður	15.500.000	hæ
00-30	Aðrir skattar og gjöld	- 1.000.000	læ
		<hr/>	
		28.300.000	
Gjöld			
02.	Félagspjónusta	1.400.000	hæ
04.	Fræðslumál	4.400.000	hæ
05.	Menningarmál	600.000	hæ
06.	Íþrótt- og æskulýðsmál	900.000	hæ
07.	Brunamál og almannavarnir	-	
08.	Hreinlætismál	2.300.000	hæ
09.	Skipulags og byggmál	-	
10.	Umferðar og samgöngumál	3.700.000	hæ
11.	Umhverfismál	1.500.000	hæ
13.	Atvinnumál	1.700.000	hæ
21.	Sameiginlegur kostn	1.850.000	hæ
		<hr/>	
		18.350.000	
Fjármagnsliðir			
28.	Vextir af bankainnist.	12.000.000	hæ
		<hr/>	
		12.000.000	hæ
<b>Eignasjóður</b>			
31.	Grunnskóli	400.000	hæ
31.	Leikskóli	1.700.000	hæ
31.	Íþróttamiðstöð	300.000	hæ
31.	Skjólbrekka	2.000.000	hæ
31.	Múlavegur	3.000.000	hæ
31.	Sameiginlegur kostn.	- 1.550.000	læ
		<hr/>	
		5.850.000	hæ

<b>Þjónustustöð</b>		
33.	Seld vinna	- 3.000.000 hæ
33.	VW Transporter	600.000 hæ
33.	Efnislager	300.000 hæ
33.	Sameiginlegur rekst.	2.540.000 hæ
		<hr/> 440.000 hæ
<b>Veitur</b>		
41.	Álagning ársins	800.000 læ
41.	Seldur akstur	251.000 læ
41.	Rekstur dreifik. Vatnsv.	500.000 hæ
41.	Rekstur holræsa	500.000 hæ
41.	Hreinsun holræsa	- 300.000 læ
41.	Rekstur aðveituk. Hitav.	5.000.000 hæ
41.	Rekstur varmaskiptist.	- 500.000 læ
41.	Rekstur veituk. Hitav.	6.500.000 hæ
41.	VW Transporter	- 909.000 læ
41.	Stjórnunar og skrifst.kostn.	- 2.900.000 læ
		<hr/> 8.942.000 hæ
<b>Leiguíbúðir</b>		
57.	Helluhraun 10	1.000.000 hæ
57.	Helluhraun 18	600.000 hæ
57.	Birkihraun 6	- 250.000 læ
57.	Skútahraun 2	300.000 hæ
		<hr/> 1.650.000 hæ
		5.068.000 Tekjur umfram gjöld.

Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 40,3 milljónir umfram áður samþykktu fjárhagsáætlun og skýrist það að stærstum hluta af auknum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og vaxta af bankainnistæðum. Hækkun gjalda er töluvert minni en hækkun tekna þrátt fyrir að lagt væri í meiri framkvæmdir en fyrirhugað var. Reiknað er með að gjöldin vaxi um 35,2 milljónir frá áætlun. Samþykkt samhljóða.

#### 6. Ákvörðun um hækkun á útsvarsprósetnu um 0,25%.

Vegna þess ástands sem skapast hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur sveitarfélögunum verið heimilað að hækka hámarksútsvar um 0,25 prósentustig, þ.e. úr 13,03% af útsvarsstofni í 13,28%. Sveitarstjórn hafið áður samþykkt að útsvarsprósenta ársins 2009 yrði 13,03%. Vegna gildandi reglna um útreikning á framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

sem miðast við að sveitarfélög fullnýti tekjustofna sína samþykkir sveitarstjórn að nýta fyrnefnda heimild til hækkunar á útsvarsprósentu fyrir árið 2009.

**7. Erindi frá Jóni Inga Guðmundssyni og Kristínu Láru Ásmundsdóttur f.h. Stangar Sumarhúsa.**

Með bréfi óska eigendur Stangar Sumarhúsa eftir endurskoðun á skráningu á fyrirtæki þeirra varðandi sorphirðugjöld. Fyrirtækið hafi ekki verið skráð hjá Skútustaðahreppi sem fyrirtæki og því hljóti að vera um mistök að ræða og að skattleggja hefði átt þeirra fyrirtæki svipað og annarra að sömu stærðargráðu. Jafnframt kemur fram í bréfinu að Gistiheimilið Stöng sem reki sumarhúsin borgi ærin sorphirðugjöld og því vakni sú spurning hvort sá rekstur sé ekki þegar búinn að greiða fyrir sorphirðuna.

Sveitarstjórn kannast ekki við að eigendur Stangar Sumarhúsa hafi óskað eftir leyfi til reksturs gistingar í þremur sumarhúsum. Því sé lagt lágmarks sorpgjald á hvert hús fyrir sig en fyrirtækinu ekki raðað á sorplista. Það að eigendur einstakra fasteigna leigji þær til annarra breytir engu þar um. Sorpgjöld eru innheimt með fasteignagjöldum og eru þar af leiðandi innheimt hjá eigendum fasteigna, burtséð frá því hvort annar aðili er með rekstur í fasteigninni. Sorpgjald Stangar Sumarhúsa eins og annarra verður endurskoðað við álagningu 2009.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson.